



Íslenska Kísilfélagið ehf.  
Flugvallarbraut 752  
235 Keflavíkurflugvöllur

Keflavík 7. desember 2012

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

**Varðandi þingskjal 448 — 381. mál um breytingar á lögum 70/2012 um loftslagsmál.**

Íslenska Kísilfélagið ehf. gerir engar athugasemdir við breytingar á lögum 70/2012 sem kynntar eru í þingskjali 448, sem lagt er fram á löggjafarþingi 2012 – 2013. Fyrirtækið vill þó benda á, að ávinningur þeirra er hyggjast fjárfesta í búnaði sem fargar, flytur eða geymir koldíoxíð, er ekki nægjanlega skýr. Sá kostnaður sem slíkum búnaði fylgir getur verið umtalsverður en þegar ávinningur þess að vinna koldíoxíðið er ekki nægjanlega skýr er erfitt að meta hagkvæmi slíkrar fjárfestingar, sem er mikilvæg fyrir þróun og uppsetningu þannig búnaðar.

Íslenska Kísilfélagið vill að gefnu tilefni benda á að kísilframleiðsla á Íslandi mun falla undir 10 gr. lagana um starfssemi þar sem hætta er á kolefnisleka og mikilvægt er að það breytist ekki með þessari breytingu.

Eins vill Íslenska Kísilfélagið minna á, að til að tryggja uppbyggingu nýs iðnaðar í landinu, verður að veita nýjum fyrirtækjum sömu kjör og aðstæður og þeim fyrirtækjum sem þegar starfa í landinu og á EFTA svæðinu, þannig að ekki skapist samkeppnismismunur á milli gamalla og nýrra framleiðenda.

Fyrir hönd Íslenska Kísilfélagsins

Magnús Garðarsson